

Skipulag náms á 1. ári

Skipulag námsins ræðst af námsbrautinni sem nemandinn er skráður á og einnig af stöðu nemandans þegar hann kemur inn í skólann.

Einkunnir í fjórum greinum, íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði hafa áhrif á það í hvaða áföngum nemendur lenda í upphafi náms síns.

ÍSLENSKA OG ENSKA

Einkunn úr grunnskóla	Áfangi í VMA
7 eða hærra	103 6
5 – 7	102 6
Undir 5	193 6 *

*Ef nemandi fær einkunn yfir 7 í 193 6 þá fer hann beint í 102 6, annars fer hann í 293 6

DANSKA

Einkunn úr grunnskóla	Áfangi í VMA
7 eða hærra	102 4
5 – 7	102 6*
Undir 5	193 6 **

* Sama efni er kennt í 1024 og 1026 munurinn er í kennslustundunum 4 eða 6.

**Ef nemandi fær einkunn yfir 7 í 193 6 þá fer hann beint í 102 6, annars fer hann í 293 6

STÆRÐFRÆÐI

Einkunn úr grunnskóla	Áfangi í VMA
Undir 3	193 6 *
3 – 5	293 6
5 – 7	102 6**
Yfir 7	102 4**

* Ef nemandi fær yfir 7 í 193 6 þá getur hann farið beint í 102 6

** Munurinn felst í fjölda kennslustunda 4/6

Lífsleikni. Allir nýnemar þurfa að taka lífsleikni á fyrstu önnum sínum í framhaldsskóla. Yfirleitt ljúka nemendur þremur einingum í lífsleikni á tveimur önnum. Lífsleikni í VMA er skipulögð með það að markmiði að styðja nemendur sem eru að hefja framhaldsskólanám og hjálpa þeim eins og kostur að laga sig að lífi framhaldsskólanemans. Lífsleiknikennarar nýnema eru jafnframt umsjónarkennarar þeirra.

Íþróttir. Allir nemendur eiga að stunda nám í íþróttáföngum sem skipulagðir eru af skólanum. Á fyrsta ári taka nemendur tvo tveggja eininga áfanga, ÍPR102/112 og ÍPR202/212, en að þessu fyrsta ári loknu geta nemendur valið um nokkra mismunandi íþróttáfanga. Að öllu jöfnu eru engar undantekningar gerðar frá þessu.